

Skólaráð Egilsstaðaskóla – opinn fundur 5.maí 2022 kl. 17:30

Mættir úr skólaráði: Hrönn Magnúsdóttir, Þórunn Guðgeirsdóttir, Málfríður Ólafsdóttir, Kolbjörg Lilja Benediktsdóttir, Sæunn Sigvaldadóttir, Ruth Magnúsdóttir. Gestir fundarins voru tveir.

Dagskrá:

1. Umræður meðal fundarmanna um skólastarfið
 2. Kynning á sjónarhorni nemenda
 3. Efst á baugi frá skólastjóra
 4. Önnur mál
-
1. Umræður í hópum. Helstu niðurstöður:
 - a. Auka áherslu á að bjóða foreldrum inn í skólann t.d. bekkjarfundir, opið hús, nýta foreldra á vordögum og í tengslum við starfsfræðslu. Finna nýjar leiðir til að auka fræðslu til foreldra.
 - b. Gott samstarf við foreldrafélagið.
 - c. Virkja aftur tengiforeldra
 - d. Bæta tækjakost fyrir nemendur 1:1
 - e. Jafningjafræðsla milli vinabekkja, t.d. umferðar fræðsla, stafræn borgaravitund, einelti, matarsóun, heilsu eflandi, grænn lífsstíll.
 - f. Gera má jafnrétti hærra undir höfði, leggja áherslu á fræðslu og hafa hana sýnilegri í skólanum.
 - g. Skólalóð – vantar betri aðstöðu fyrir hjól bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Endurnýja þarf leiktæki s.s. kastala sem er orðinn hættulegur. Setja upp rampa fyrir hjól/bretti.
 - h. Vantar betra /stærra tjald fyrir myndvarpa í matsal.
 - i. Gróðurhús, sem tengja má við nám
 - j. Meira útinám.
 - k. Vísindadagur í skólanum, spiladagur eða leikjadagur. Virk samvera nemenda og foreldra.
 2. Kynning á sjónarhorni nemenda. Punktur frá Matthildi Klausen formanni nemendaráðs, en hún sendi þá inn á fundinn.
 - a. Kostir:

Góð hjálp í boði og aðstoð fyrir nemendur frá kennurum.
Skólinn virkur í tengslum við loftslagsmál, svo sem virkt starf í Grænánaverkefninu og flokkun í öllum skólanum.
 - b. Gallar:

Það þarf að bæta skólann tæknilega. Fjölga tölvum, ípad og þess háttar.
Mætti vera meira nám tengt tækni svo sem forritun og tölvunám.
Vil sjá valinu breytt aftur í samval og verkval, en breyting var gerð á því fyrir tveimur árum.
 3. Efst á baugi frá skólastjóra:
 - a. Innra starf:
 - i. Tæknimál. Bæta þarf netið í skólanum og fjölga tækjum. Nú í eru væntanlegar 40 nýjar Chrombooks tölvur, en tækin sem skólinn á eru einnig að ganga úr sér. Þannig að ekki er um viðbót að ræða.
 - ii. Kennarar tak þátt í þriggja ára verkefni um leiðsagnarnám.

iii. Velferðarverkefni hófst fyrir tveimur skólaárum. Aukin áhersla á geðrækt í skólastarfinu er einnig í samræmi við tilmæli um mikilvægi geðræktar í skólastarfi.

b. Ytri þættir:

- i. Gera þarf skipulag fyrir skólalóð þannig að endurbætur verði í samræmi við heildarsýn. Endurnýja þarf leiktæki og bæta aðstöðu fyrir hjól nemenda og starfsmanna.
- ii. Aðstöðuleysi Frístundar er aðkallandi. Fjölgun er í yngstu árgöngum skólans og aukin þjónusta þarf að vera yfir árið. Færa á Frístundarþjónustu undir einn hatt og efla hana.
- iii. Byggja þarf búningssklefa við sundlaug. Aðstaða mjög þröng og veldur nemendum vanlíðan og eykur möguleika á neikvæðum samskiptum.
- iv. Þörf á sérrýmum innan skólans er aðkallandi til að mæta stækkandi nemendahóp og fjölbreyttum þörfum nemenda. Meirihluti árganga um 40 nemendur sem þýðir að það þrengir að í stofum. Skólinn þarf að stækka námsumhverfið fram á ganga skólans og á önnur svæði.

4. Önnur mál voru engin, en góðar umræður voru á fundinum þrátt fyrir fá gesti.

Fundi slitið kl. 18:30